

Samkvæmt því og með vísun til 13. gr. barnalaganna og 5. mgr. 58. gr. s.l. ber að hafna beiðni um blóðrannsókn á varnaraðila og syni hennar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er beiðni um blóðrannsókn á varnaraðila og syni hennar í máli þessu.

Fimmtudaginn 22. janúar 1987.

Nr. 7/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ágúst Þór Sigurðssyni

Atla Þór Jóhannessyni

Einari Sturlusyni

Matthildi Kristensdóttur og

Bergmanni Gunnarssyni

Kærumál. Ákæra. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 8. janúar 1987 með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, en þann dag virðist hann fyrst hafa fengið vitneskju um uppsögu dómsins. Barst kæran Hæstarétti 9. janúar 1987. Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu á hendur ákærðu 8. ágúst 1986.

Héraðsdómari hefur tilkynnt ákærðu um kærana en frá þeim hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ekkert hinna ákærðu heldur uppi vörnum í málinu. Þeim var öllum birt ákæran í sakadómi og yfirheyrð þar um málsatvik. Af

skýrslum þeirra verður ráðið, að ákærðu Ágústi Þór Sigurðssyni, Atla Þór Jóhannessyni og Einari Sturlusyni, sem ákærðir eru fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, duldist ekki að þeim væri gefið að sök að hafa átt hlut að því að stela mjólkurvörum frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík og selja ákærðu Matthildi Kristensdóttur og Bergmanni Gunnarssyni. Sá þáttur í verknaðarlýsingu í ákæru að fyrrgreindir þrír ákærðu hafi selt vörurnar „í verslunum meðákærðu“, þykir ekki geta valdið mis- skilningi, enda er um þetta í ákæru vísað til ákæruliða A-C þar sem nánar segir um sölu varanna til ákærðu Matthildar og Bergmanns.

Verknaðarlýsingu í ákæru að því er tekur til ákærðu Matthildar og Bergmanns er að vísu áfátt. Af skýrslum þeirra fyrir sakadóm- inum þykir þó mega ráða að þeim hafi verið alveg ljóst að þau væru ákærð fyrir að taka við mjólkurvörum af öðrum ákærðu sem þeir hefðu aflað með auðgunarbroti.

Þegar framangreint er virt, og haft í huga að brot það sem refsing er lögð við í 263. gr. almennra hegningarlaga hefur ekki sérstakt heiti að lögum, þykja þeir annmarkar sem eru á ákærunni um verknaðarlýsingu og tilgreiningu brota ekki slíkir að alveg næg ástæða sé til að vísa ákærunni frá sakadómnum. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnis- dóms.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 22. desember var á dómþingi sakadóms Reykjaví- ur, sem háð var í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómará, kveðinn upp frávísunardómur þessi í málinu nr. 683-687/1986: Ákæruvaldið gegn Ágústi Þór Sigurðssyni, Atla þór Jóhannessyni, Einari Sturlusyni, Matthildi Kristensdóttur og Bergmanni Gunnarssyni, er dómtekið var þann 18. desember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 8. ágúst sl.

gegn „1. Ágústi Þór Sigurðssyni, laganema, Blönduhlíð 10, Reykjavík, fæddum þar í borg 25. júlí 1963, 1. Atla Þór Jóhannessyni, nemandi, Teigagerði 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 30. nóvember 1965, 3. Einari Sturlusyni, bifreiðarstjóra, Langhóltsvegi 87, Reykjavík, fæddum þar í borg 22. september 1964, 4. Matthildi Kristensdóttur, kaupmanni, Fljótaseli 36, Reykjavík, fæddri 4. ágúst 1953 í Hafnarfirði og 5. Bergmanni Gunnarssyni, kaupmanni, Akurgerði við Nesveg, Seltjarnarnesi, fæddum 18. janúar 1932 að Morastöðum, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.

Gegn ákærðu, Ágústi Þór, Atla Þór og Einari er málið höfðað fyrir að hafa, þeir tveir fyrrnefndu á tímabilinu júlí og ágúst 1985 en ákærði Einar á tímabilinu ágúst og september 1985 og frá nóvember 1985 og fram í janúar 1986, í starfi hjá Mjólkursamsöslunni í Reykjavík við dreifingu á mjólk og mjólkurvörum til verslana í Reykjavík og nágrennabæjum, orðið sér, með aðstoð samstarfsmanna á vinnustað, úti um mjólkurvörur, umfram þær vörur, sem þeir áttu að keyra út til verslana hverju sinni, og að hafa selt þær vörur í verslunum meðákærðu, eins og rakið verður í ákæruliðum A-C, fyrir því sem næst helming af skráðu söluverði varanna. Söluandvirði fényttu ákærðu sjálfum sér til handa, en í stöku tilfellum skiptu þeir og skiluðu, einkum ákærði Einar, samstarfsmönnum sínum í mjólkurstöð hluta söluandvirðisins.

A. *Gegn ákærðu Ágústi Þór, Atla Þór og Matthildi.*

Ákærðu Ágústi Þór og Atla Þór er gefið að sök að hafa í júlí og ágúst, er þeir störfuðu saman á útkeyrslubifreið frá Mjólkursamsöslunni, selt meðákærðu Matthildi, sem ásamt eiginmanni sínum á og rekur Söluturninn, Melabraut 57, Seltjarnarnesi, mjólk er þeir höfðu komist yfir með framangreindum hætti fyrst í 5 afhendingum í fyrri hluta júlí 1985 fyrir samtals kr. 4.000, sem þeir fengu greitt í peningum, en síðan í 12 afhendingum, og þá oftast einn vagn af mjólk, 180 lítra hverju sinni, til og með 9. ágúst 1985, fyrir samtals kr. 32.400, sem ákærðu fengu greitt með jafnmörgum tékkum. Söluandvirðinu skiptu ákærðu að jöfnu og fényttu í eigin þarfir.

Gegn ákærða Atla Þór og Matthildi er málið höfðað fyrir sams konar viðskipti með 180 lítra af mjólk þann 13. ágúst 1985. Söluandvirðið, kr. 3.600, var greitt ákærða Atla Þór með tékka.

B. *Gegn ákærðu Atla Þór, Einari og Matthildi.*

Ákærðu Atla Þór, Einari og Matthildi er gefið að sök að hafa í beinu framhaldi átt saman sams konar viðskipti í þremur afhendingum í ágúst 1985, einn vagn af mjólk hverju sinni, alls 540 lítrar, fyrir samtals krónur 10.800, sem ákærðu Atli Þór og Einar fengu greitt með jafnmörgum tékkum og skiptu að jöfnu og fényttu í eigin þarfir.

Gegn ákærðu Einari og Matthildi er málið höfðað fyrir framhald sams konar viðskipta; 4 afhendingar á tímabilinu 30 ágúst til 27. september 1985 á einum vagni af mjólk hverju sinni fyrir samtals kr. 14.400, og síðan 15 afhendingar á tímabilinu 4. nóvember 1985, til 17. janúar 1986, oftast einn vagn af mjólk hverju sinni, en í þremur tilvikum nokkurt magn af rjóma og skyri, og söluverð fyrir varninginn í heild var kr. 72.884, sem ákærða Matthildur greiddi ákærða Einari í 15 tékkum og hann fénytti í eigin þarfir.

C. Gegn ákærðu Atla Þór, Einari og Bergmanni.

Ákærðu Atla Þór og Einari er gefið að hafa í ágúst 1985, er þeir störfuðu saman á útkeysrslubifreið frá Mjólkursamsölunni, selt með-ákærða Bergmanni, sem ásamt eiginkonu sinni á og rekur verslunina Vegamót, Vegamótum við Nesveg, Seltjarnarnesi, mjólkurvörur, sem þeir höfðu komist yfir með framangreindum hætti, fyrir samtals kr. 42.687, sem með-ákærði Bergmann greiddi ákærðu með tveimur tékkum, öðrum útgefnum 16. ágúst 1985, kr. 21.579, en hinum útgefnum 23. sama mánaðar, kr. 21.099. Söluandvirðinu skiptu ákærðu að jöfnu og fényttu í eigin þarfir.

Brot ákærðu Ágúst Þórs, Atla Þórs og Einars, sem að framan er lýst, teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en brot annarra meðákærðu teljast varða við 263. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Þann 25. janúar sl. kærði Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. til Rannsóknarlögreglu ríkisins yfir þjófnaði á framleiðsluvörum Mjólkursamsölnnar í Reykjavík. Við rannsókn málsins viðurkenndi nokkur fjöldi þáverandi og fyrrverandi starfsmanna fyrirtækisins að hafa um nokkurra mánaða skeið tekið að ófrjálssu vörur frá því og selt kaupmönnum í Reykjavík og nágrennbæjum fyrir hálfvirði eða $\frac{2}{3}$ af heildsöluverði. Þau sem ákærð eru í þessu máli eru aðeins hluti af þeim sem við sögu koma en þáttur þeirra var tekinn út úr málinu í heild og þau ákærð sérstaklega. Verður nú framburður hvers um sig rakinn með tilliti til þess sem hann er ákærður fyrir.

Ákærði, Ágúst Þór Sigurðsson, kvaðst hafa byrjað vinnu hjá Mjólkursamsölunni í júní 1985 og í júlí sama ár farið að vinna með meðákærða Atla Þór. Hann komst að því, að meðákærði seldi meðákærðu Matthildi stolnar mjólkurvörur og fór hann sjálfur að taka þátt í þessum viðskiptum. Hann kvað þá féлага sjálfa hafa stolið þessum vörum af afgreiðslulager Mjólkursamsölnnar og því ekki notið til þess aðstoðar samstarfsmanna eins og í ákæru segir. Hann stundaði þessi viðskipti allt þar til hann hætti

störfum í ágúst. Ákærði viðurkenndi sem réttar tölur þær, sem tilgreindar eru í ákæru varðandi afhendingar, vörumagn og greiðslur til sín.

Ákærði, Atli Þór Jóhannesson, hóf störf hjá Mjólkursamsölunni um mánaðamótin maí-júní 1985. Vann hann fyrst með manni að nafni Guðmundur. Saman hófu þeir að selja meðákærðu Matthildi mjólkurvörur, sem þeir stálu af afgreiðslulager fyrirtækisins. Þegar Guðmundur hætti fór ákærði að vinna með meðákærða Ágústi Þór. Sagði ákærði honum frá þessum viðskiptum og fór meðákærði að taka þátt í þeim. Þegar svo meðákærði Ágúst Þór hætti störfum fór ákærði að vinna með meðákærða Einari, sem svo að segja strax fór að taka þátt í þessu. Þeir sammæltust svo fljótlega um að bjóða meðákærða Bergmanni vörur, sem þeir öfluðu á sama hátt. Kvaðst ákærði hafa stundað þessa iðju allt þar til hann hætti störfum hjá fyrirtækinu. Ákærði hefur viðurkennt að í ákæru sé rétt greint frá afhendingum, vörumagni og greiðslum til sín.

Ákærði, Einar Sturluson, hóf störf hjá Mjólkursamsölunni í júní-júlí 1985. Í ágúst byrjaði hann að vinna með meðákærða Atla Þór, sem sagði honum frá ádurgreindum viðskiptum við meðákærðu Matthildi. Ákærði fór þá að taka þátt í þeim og saman stofnuðu þeir til viðskipta við meðákærða Bergmann með stolnar mjólkurvörur. Í fyrstu kvað hann þá sjálfa hafa stolið vörunum en síðar notið til þess aðstoðar samstarfsmanna, er störfuðu á lager fyrirtækisins og fengu í staðinn hlut í greiðslum frá meðákærðu Matthildi og Bergmanni. Eftir að meðákærði Atli Þór hætti störfum hélt ákærði áfram viðskiptum sínum við meðákærðu Matthildi en síðar fór maður að nafni Gunnar Gunnarsson að taka þátt í þeim. Hans er að engu getið í ákærunni. Eftir það skiptust greiðslur milli þeirra tveggja og eins manns á lager. Ákærði hefur viðurkennt að í ákæru séu rétt tilgreindar afhendingar, vörur og greiðslur hvað hann varðar á því tímabili er þar um ræðir.

Ákærða Matthildur Kristensdóttir hefur fyrir rannsóknarlögreglu og dómi viðurkennt að hafa keypt mjólkurvörur af meðákærðu og greitt fyrir þær eins og rakið er í ákæru. Hún kvaðst í fyrstu hafa verið grandalaus um þessi viðskipti en brátt komist að hinu sanna. Engu að síður hélt hún áfram að kaupa af meðákærðu eftir að henni varð fullljóst að þeir væru að selja henni stolnar vörur.

Ákærði, Bergmann Gunnarsson, hefur fyrir rannsóknarlögreglu og dómi viðurkennt að hafa keypt mjólkurvörur af meðákærðu Atla Þór og Einari og greitt fyrir þær svo sem greinir í ákæru. Hann kvað sér hafa verið fullljóst frá upphafi að um stolnar vörur var að ræða.

Öll hin ákærðu báru fyrir dómi að Mjólkursamsalan hefði gert skaðabótakröfur á hendur þeim og myndu þau greiða bæturnar þegar eftir þeim yrði gengið.

Niðurstöður:

Skv. 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála skal í ákæru greina „hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, og aðra skilgreiningu, og loks það eða þau lagaákvæði, sem það er talið varða við.“ Mikið skortir á, að ákæran í máli þessu fullnægi þessum skilyrðum. 1) Heiti brotanna, sem ákærðu er gefið að sök að hafa framið, eru ekki nefnd. 2) Varðandi ákærðu Ágúst Þór, Atla Þór og Einar er notað orðasambandið „að verða sér úti um“ en brot þeirra er talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga. 3) Þá skortir á að verknaðarlýsing sé eins glögg og vera þyrfti, til dæmis er því í engu lýst hvernig hinir ákærðu „með aðstoð samstarfsmanna á vinnustað“ ... „urðu sér úti um mjólkurvörur“. 4) Ákærðu eru síðan sagðir hafa selt vörurnar „í verslunum með-ákærðu“. Síðar í ákærunni er sagt að þeir hafi selt þær meðákærðu Mattildi og Bergmanni. Enga frekari verknaðarlýsingu er að finna á ætluðu broti ákærðu Matthildar og Bergmanns og ekki er ætluðu broti þeirra gefið heiti.

Að framansögðu má ljóst vera að ákæran í málinu uppfyllir engan veginn skilyrði 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974. Atriði þau, sem nefnd voru hér að framan, eru ekki aukaatriði þannig að ekki verður úr vanköntum þessum bætt skv. heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974. Ber því að vísa ákærunni frá sakadómi og leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákæru í málinu er vísað frá sakadómi.

Málkostnaður greiðist úr ríkissjóði.
